

Alþingi
Erindi nr. P 136/949
komudagur 27.2.2009

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 26. febrúar 2009
RH/SLB/006/09

Efni: Frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa. 259. mál

Vísað er til bréfs, dags. 11. febrúar 2009 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Tryggingastofnun þakkar fyrir að fá að koma að umsögn um ofangreint lagafrumvarp. Í 5. mgr. 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að réttur til tekjutengdra greiðslna til líffæragjafa hefjist frá og með þeim degi er fullar launagreiðslur í forföllum vegna líffæragjafa falli niður frá vinnuveitenda. Svo virðist sem líffæragjafi þurfi ekki fyrst að nýta sér rétt sinn úr sjúkra- eða styrktarsjóði stéttarfélags sem er athyglisvert, en það er t.d. skilyrði varðandi greiðslur til foreldra langveikra og alvarlegra fatlaðra barna, sbr. lög nr. 22/2006, með síðari breytingum. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu þá eiga greiðslur úr sjúkra- eða styrktarsjóði stéttarfélaga að koma til lækkunar á greiðslum.

Þá er í 6. mgr. 10. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að tekjutengdar greiðslur fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði skuli inntar af hendi eftir á, fimmtánda virka dag hvers mánaðar. Sambærilegt ákvæði er að finna í lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna, með síðari breytingum. Tryggingastofnun er framkvæmdaraðili þeirra laga og hefur það valdið nokkrum vanda hjá stofnuninni að greiðsludagur skuli vera um miðjan mánuð en ekki fyrsta hvers mánaðar eins og gildir um allar aðrar greiðslur frá Tryggingastofnun. Ekki hefur tekist að greiða greiðslurnar í gegnum það tölvukerfi sem nú er notað og í raun þyrfti nýtt tölvukerfi til að ráða við það, sem væri mjög kostnaðarsamt. Tryggingastofnun vill vekja athygli á þessu ef ætlunin er að stofnunin taki að sér að vera framkvæmdaraðili þessara laga. Auk þess hlýtur það að vera til hagsbóta fyrir aðila að fá greiðslur um mánaðamót eins og aðrir sem eru að fá laun eða aðrar greiðslur.

Að lokum er gert ráð fyrir að tilhögun greiðslna til líffæragjafa sem hafa verið í námi skuli vera sú að greiðslur eru inntar af hendi eftir á í einu lagi þegar önnur viðkomandi skóla er lokið og staðfest er að líffæragjafi hafi gert hlé á námi vegna líffæragjafarinnar, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Tryggingastofnun telur að skoða þurfi hvort ástæða sé til þess að binda greiðslur til líffæragjafa sem stundar nám því að hann hafi ekki lokið námsönn í skóla. Telja má nokkuð víst að líffæragjöf hafi áhrif á námsframvindu þó svo að hún þurfi ekki að leiða til þess að líffæragjafi geti ekki lokið námsönn. Þá myndi skilyrði sem þetta einnig geta frestað greiðslum til líffæragjafa um nokkra mánuði, eða þar til ljóst er að hann ljúki ekki námsönninni. Þetta ákvæði frumvarpsins gæti því orðið til þess að líffæragjafi taki að ástæðulausu þá ákvörðun að hætta námi.

Virðingarfyllst,


Sigríður Lillý Baldursdóttir
forstjóri